

Fundargerð áttunda fundar skráningarráðs Gegnis fimmtudaginn 15. apríl 2004

haldin í húsakynnum Landskerfis bókasafna, Borgartúni 37, kl. 14-16.

Fundarmenn: Auður Gestsdóttir, Guðný Ragnarsdóttir, Herdís Tómasdóttir, Hildur Gunnlaugsdóttir, Ragna Steinarsdóttir, Sigrún Hauksdóttir, Þóra Sigurbjörnsdóttir og Þórdís T. Þórarinsdóttir

0. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt með þeim athugasemdum sem borist höfðu.

Þóra lagði fram dagskrá fundarins.

1. Sameining Fengs og Gegnis

Sigrún og Þóra sögðu frá vandamálum í sambandi við yfirfærsluna. Sameining færslna gekk ekki nógu vel. Sameinaður prófunargagnagrunnur var ekki tilbúinn fyrir en viku áður en kerfinu var lokað. Það var ljóst löngu áður að það hefði þurft lengri tíma. Færslur, sem greinifærslur voru tengdar við, sameinuðust alls ekki. Sjálfar greinifærslurnar sameinuðust í mörgum tilfellum og tengdust móðurfærslu í Gegni en móðurfærsla frá Feng stóð eftir “barnlaus”. Þetta gildir einkum fyrir tímarita- og tónlistarfærslur. Rætt var um ýmsa byrjunaröðugleika og nauðsynlegar lagfæringar. Þóra sagði að útlán og skil virkuðu vel í Borgarbókasafni en þó væri margt enn í ólagi. Hildur og Ragna lögðu fram lista yfir sameiningarvandamál og kerfisvandamál og lagfæringar sem þarf að gera á næstunni (fskj.).

Varðandi næstu yfirfærslur þá verða færslur úr Metrabók líklega sameinaðar kerfinu vélrænt. Það verður sennilega hægt að gera yfir eina helgi og heppilegast að það verði gert í sumar þegar skólar eru í fríi. Embla verður líklega yfirfærð handvirkt svo og Micromarc. Mikilvægt er að gagnagrunnurinn verði kominn í lag áður en þessar yfirfærslur fara fram.

Í gagnagrunninum eru nú um 800 þúsund færslur. Í íslenskri bókaskrá eru um 60 þúsund færslur.

Þóra lagði fram svohljóðandi tillögu sem var samþykkt og hún mun senda stjórn Landskerfis bókasafna fyrir stjórnarfund 16. apríl:

“Yfirfærslu Fengs í Gegni er lokið. Mikið vantar á að sameiningin hafi tekist sem skyldi. Til dæmis er mjög mikið um tvöfaldar bókfræðifærslur sem gerir alla leit erfiðari. Það er ljóst að framundan er mikil vinna við að lagfæra og sameina færslur og mikilvægt er að sú vinna taki sem stystan tíma. Skráningarráð fer þess á leit við stjórn Landsskerfis bókasafna að ráðinn verði einn starfsmaður í heilt ár eða tveir starfsmenn í hálft ár til fyrirtækisins sem sinni eingöngu vinnu við gagnagrunninn, leiðréttingum og samræmingu.”

Eingöngu koma til greina vel þjálfaðir skrásetjara til þess að taka að sér þetta starf.

2. Leiðbeiningar fyrir skrásetjara

Hildur og Ragna lögðu fram uppkast að leiðbeiningum fyrir skrásetjara. Rætt var um kóða safnanna sem settir verða í 040 sviðið. Hverju safni hafa verið úthlutaðir 5 stafa kóðar sem eru á heimasíðu Landskerfis. Fyrstu 3 stafirnir eru upphafsstafir safnanna, 4. stafurinn táknar tegund safns og 5 stafurinn stjórnunareiningu. Ákveðið var að söfn skulu skylduð til að nota þá kóða sem þeim hafa verið úthlutaðir. Hildur og Ragna munu endurskoða skjalið og senda það meðlimum skráningarráðs sem munu hafa tækifæri til að gera við það athugasemdir. Síðan verður það lagt inn á Vöndu sem drög að leiðbeiningum.

Ákveðið var að 692 sviðið gildi fyrir stöðluð efnisorð. Ef sömu efnisorð eru í 690 og 692 sviðinu skal 690 sviðinu verða eytt.

Rætt var um verklag þegar tvö söfn skrá sama erlenda ritið á mismunandi hátt. Ákveðið var að nota Vöndu sem vettvang fyrir slík vandamál. Hvetja þarf fólk til að skrá sig á Vöndu.

3. 007 og 008, 655

Umræðum var frestað.

4. Myndbandaskráning

Nokkrar umræður urðu um hvort skrá eigi myndbönd á höfund eða titil þegar um leiknar kvikmyndir er að ræða. Frekari umræðum var frestað.

5. Útgáfugreining

Mikið ósamræmi er í heitum forlaga. Í Feng hafa forlög verið skráð eins stutt og hægt er. Hugleiða þarf samræmingu á forlögum. Rætt var um hvort nauðsynlegt sé að hafa útgáfustað í hornklofa þó að hann standi ekki á titilsíðu eða aftan á titilsíðu.

6. Önnur mál

a. Skráningarheimildir

Rætt var um undanþágur frá meginreglum um þær kröfur sem umsækjendur þurfa að uppfylla til þess að fá skráningarheimildir. Hugsanlegt er að veita nýjum skrásetjurum tímabundna skráningarheimild sem verður síðan endurskoðuð eftir vissan tíma.

b. Næsti fundur

Næsti fundur var ákveðinn á sama stað 6 maí næstkomandi.

Auður Gestsdóttir 27. apríl 2004.